

Sp. 406. Tillaga til þingsályktunar

um rannsókn á brúarstæði á Hofsá í Álftafirði.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Ingvar Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka til fullnustu brúarstæði á Hofsá í Álftafirði þegar á þessu sumri.

Ástæður.

Fullnaðarrannsókn hefur enn ekki fram farið á brúarstæði á Hofsá. Er það eindregin ósk Álftfirðinga, að rannsóknin verði framkvæmd á þessu sumri, enda fyllsta nauðsyn á, að brúarstæðið verði þegar ákveðið, vegna framkvæmda um vegalagningu að brúarstæðinu.